

Skólaráðsfundur

8. jan 2019

Mættir á fundinn: Sigurbjörn, Ólöf, Guðlaug, Anna, Sigurlaug, Þuríður, Kristín og Kristín R.

Guðlaug byrjar fundinn, fer yfir nýja aðila í skólaráðinu.

Fyrirspurn um læsi og lesskilning. Þuríður útskýrir lestur, leshraða og lesskilning. Lestrarhraði skiptir máli og er samþættur við lesskilning, því meira sem þú lest því meiri skilningur þar sem orðaforði eykst. Ólöf leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að nemendur sem útskrifast héðan geti lesið sér til gagns og það ætti að vera aðaláherslan hjá okkur. Hvað getum við gert til að efla þetta betur, eru áherslurnar réttar. Ragnheiður deildarstjóri kikir við og kynnir PALS sem er áhersluatriði hjá Ingunnarskóla. Umræður um að það vanti meiri áherslu á að það þurfi að lesa heima í unglingadeildinni.

Gleði og árhátíðarvika er í lok mars. Föstudagurinn er skertur dagur og tveir starfsdagar eftir gleðivikuna, mánudagur og þriðjudagur. Áherslan á gleði, styrkleika og vellíðan, hvert svæði útfærir þessa daga. Aðeins minnst á að litlu jólin hafi gengið mjög vel í breyttu skipulagi, við ætlum að halda því áfram.

Málþing í 7.-10. bekk á þriðjudag, áherslan á lýðræðisleg vinnubrögð og góð samskipti. Tveir utanaðkomandi sérfræðingar, Ingvar Sigurgeirsson og Jakob Frímannsson frá Menntasviði koma og hafa yfirumsjón með þessu verkefni. Minnst er á frímínútur hjá unglingunum, það þurfi meiri afþreyingu fyrir unglingana til þess að efla skólabraginn og efla jákvæð samskipti.

Mögulega verða breytingar á húsnæði skólans, miðjunum verði meira lokað. Ekki komin dagsetning hvenær það verður gert.

Það sem fram undan er hjá skólaráði þarf að fara í skóladagatalið. Hugmyndir frá foreldrum að hafa starfsdaga í kringum vetrarleyfi til að lengja leyfið og gefa fólki kost á að fara í lengri ferðir.

Önnur mál. Nemendur vilja koma á framfæri að í prófum eru of margir sem fara til hliðar, fara inn í glerbúr, þá verða of margir þar og næðið sem á að vera ekki eins og það á að vera. Nemendur vilja heyrnatól til að fá betra næði. Umræður um að mikil truflun og læti séu í tímum, mismunandi eftir tímum. Guðlaug hefur rætt við deildarstjóra unglingastigs um þetta en ætlar að skerpa á því aftur. Nemendum upplifa að ekki sé mikið fylgt eftir að vísa út úr tíma vegna truflunar, megi gjarnan bæta það. Nemendur koma með hugmyndir um að fleiri borðtennispaðar verði í boði og að t.d. umsjónarmenn úr öllum bekkjum sjái um þetta. Spurning með fríðindi en fríðindin eru í raun að fá að vera með meira val og fleiri leiktæki eða spil. Mættu líka verða fleiri borðtennisborð.

Tekið fram í lokin að það sem rætt er á þessum fundum sé trúnaðarmál.

Næsti fundur mánudaginn 11. mars kl. 15:00. Áhersla á málefni frá foreldrum. Fulltrúar foreldra í skólaráði ætla að bjóða foreldrum á spjallfund í skóla og einnig hafa samband á FB til að kanna hvort fólk vilji koma málefnum á framfæri fyrir fundinn.

Ritari

Sigurlaug

